

Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi		Grunn-gjald	m ³ -gjald	Athugasemdir
A	Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	35.000	25	m ³ -gjald reiknast af m ³ umfram 400. Hámarksgjald er kr. 200.000
B	Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	35.000	25	m ³ -gjald af m ³ umfram 1.000. Hámarksgjald er kr. 200.000

Þegar um viðbyggingar er að ræða reiknast einungis rúmmetragjald samkvæmt framan-sögðu, nema viðbyggingin krefjist nýrrar heimæðar eða breytinga á heimæð sem fyrir er.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. gjaldskrár þessarar miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2003 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar ár hvert, - í fyrsta sinn í janúar 2005.

Um gjalddaga og innheimtu vatnsgjalds samkv. 1. gr. fer með sama hætti og um fasteignaskatt, og skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Aukavatnsgjald skal greiða þrisvar á ári að jafnaði. Greiðslu er heimilt að miða við áætlun, en aflestur mæla skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Vatnsnotandi getur farið fram á aukaaflestur vatnsmælis ef þörf krefur. Aukaaflestur er gjaldfrjáls.

Mælaleiga skal innheimt árlega, jafnhliða fyrstu greiðslu aukavatnsgjalds.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 21. janúar 2004, byggir á 7. og 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og reglugerð nr. 421/1992 til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um vatnsgjald, aukavatnsgjald og mælaleigu á Austur-Héraði, sem samþykkt var af bæjarstjórn Austur-Héraðs 16. desember 2002.

Egilsstöðum, 23. janúar 2004.

Pórhallur Pálsson, forstöðumaður umhverfissviðs.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Allar olíubirgðastöðvar sem eru starfandi við gildistöku reglugerðar þessarar skulu hafa gilt starfsleyfi eigi síðar en 31. desember 2005.

2. gr.

Við fylgiskjal 1 bætist nýr töluliður 24. tl. sem orðist svo:

- | | | |
|--------|--|---|
| 24. a. | Olíubirgðastöðvar fyrir olíur og/eða bensín með gegnumstreymi bensíns > 5.000 tonn á ári | 2 |
| b. | Olíubirgðastöðvar fyrir olíur og/eða bensín með gegnumstreymi bensíns minna en 5.000 tonn á ári. | 3 |

24. tl. verður 25. tl.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstofnun, 28. janúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

1. gr.

Við fylgiskjal 1 bætist nýr töluliður 24. tl. sem orðist svo:

- | | | |
|--------|--|---|
| 24. a. | Olíubirgðastöðvar fyrir bensín eða olíur með gegnumstreymi bensíns > 5.000 tonn á ári | 2 |
| b. | Olíubirgðastöðvar fyrir bensín eða olíur með gegnumstreymi bensíns minna en 5.000 tonn á ári | 3 |

24. tl. verður 25. tl.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstofnun, 28. janúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.